

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



# FARTÖLVU- HASAR

FRÁBÆRT ÚRVAL OG  
ALLIR ÞEKKJA LÁGA VERÐIÐ

TVEIR HEPPNIR  
FÁ FARTÖLVUNA ENDURGREIÐA

DREGIÐ 3. OKTÓBER

**0 KR.**  
ÚT Á LAND

Frír sendingarkostnaður  
á fartölvum út á land  
í vefverslun og símsölu

**DELL**

**hp** HEWLETT  
PACKARD

**TOSHIBA**

**SAMSUNG**

**SONY**

**msi**

**Packard Bell**

**Apple**

EDP0 - www.espa.is

# HELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ  
LINDIR-SKEIFAN-GRANDI-VEFVERSLUN



„My tears dry on their own,“ söng Amy Winehouse. Monitor syrgir fráfall þessarar litríku poppstjörnu sem setti svip sinn á tónlistarsöguna þrátt fyrir stuttan feril.

## Einn í bíó um helgina



SEM BETUR FER ER VINNAN LÍKA SKEMMTILEG

### HRAÐASPURNINGAR

**Fullt nafn:** Baldur Kristjánsson.  
**Fyrstu sex:** 140483  
**Starf:** Ljósmyndari.  
**Heimasíða:** www.baldurkristjans.is  
**Uppáhaldsdómari í ANTM:** Janis Dickinson.  
**Uppáhaldstónlistarmaður:** Beck.  
**Fyrirmynd í lífinu:** Pabbi.  
**Nigel Barker eða Ari Magg?** Fyrrum lærifaðir minn, Ari Magg.  
**Hraðann eða lífið?** Lífið. Þett' er lífið.

**Baldur Kristjánsson** fómur Verslunarmannahelgi með góðum vinum fyrir spennandi erlent verkefni. Hollenskar fyrirsætur koma til Íslands á föstudaginn til að sitja fyrir á myndum hjá ljósmyndaranum knáa.

„Ég ætlaði að fara til Flateyjar að hafa það gaman með góðum vinum en svo fékk ég samtali í upphafi þessarar viku þar sem ég var beðinn um að vera í bænum um helgina til þess að taka myndir af stelpum sem eru að keppa í Holland's Next Top Model. Nú eru sjö keppendur eftir í þessari seríu og þær fá ekki að vita að þær séu að koma til Íslands fyrr en á föstudaginn áður en þær fljúga hingað. Þá fá þær væntanlega svona „Tyra mail“

nema hvað að pósturinn er ekki frá Tyru heldur frá stjórnandanum í þáttunum úti,“ segir Baldur góður á því.  
 Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda úti frá því að þeir hófu göngu sína árið 2006 og hafa þátttakendurnir ferðast víða um Evrópu við gerð þeirra. Hollendingarnir nota amerísku þættina sem fyrirmynd og sitja þar í dómnefnd hollensku útgáfunar af ofurfyrirsættunni Tyru Banks og tiskuljósmyndaranum

Nigel Barker. Dómnefndin kemur svo til með að styðjast við ljósmyndirnar sem Baldur tekur þegar þau ákveða hverja stúlkanna skuli senda heim.  
 „Framleiðendur þáttanna vilja að ég taki myndir af stelpunum í íslensku náttúru. Þeir hafa mikinn áhuga á því sýna náttúruna og svo vilja þau hafa íslenska hönnun áberandi í þessum þáttum sem teknir eru upp hér. Þau eru spennit fyrir því að taka myndirnar hjá

Geysi en svo er það alltaf þannig að veðrið ræður þessu á endanum,“ segir Baldur sem hefur meiri áhyggjur af því hvað hann eigi að gera af sér um helgina.  
 „Ég verð að vinna í þessu verkefni á föstudag og skila því af mér rétt eftir hádegi á sunnudeginum. Ég veit ekki með að kíkja á Innipúkann. Síðan er kærastan erlendis og félagarnir náttúrulega í Flatey svo ég enda örugglega á því að fara einn í bíó.“

## Monitor mælir með

### FYRIR FERÐALANGA

Vefsíðan couchsurfing.com veitir þér upplýsingar um fólk út um allan heim sem tilbúið er að leyfa fólki að gista á sófanum heima hjá sér. Þannig að ef þú vilt ferðast ódyrt þá er um að gera að skoða þessa síðu vel. Svo gætir þú eignast nýjan besta vin.



### FYRIR SÁLINA



Hringdu í einhvern sem þú hefur ekki heyrt í lengi. Það er virkilega gaman að heyra hljóðið

í gömlu vin eða ættingja og vita hvað viðkomandi hefur verið að bardúsa. Um leið getið þið rifjað upp skemmtilegar minningar sem bæði kæta og bæta.

### FYRIR ÚNLÍÐINN

Það er hægt að hressa upp á únlíðinn með því að smella á hann fallegu og litríku úri.



Triwa-úrinn frá Kastaníu eru einkar glæsileg og til í alls konar litum. Tilvalin gjöf hvort sem það er fyrir vin, elskuna eða til sjálfs þíns.

### FYRIR SUNDMENN



Það er tilvalið fyrir hvern þann sem kallar sig útvistar-gar- eða íþróttagar- að skella sér ískaldan sjóinn við yls-tröndina í Naut-hólsvík. Það er mikil áskorun að þrauka í sænum en vert er að taka fram sundtökin þurfa minnst að vera átján til þess að iðkunin teljist til sjósunds, allt annað nefnist sjóbað.

### Feitast í blaðinu

Það heitasta sem er að gerast um verslunarmannahelgina má finna í blaðinu. >>4

Stíllinn kíkti í fataskápinn hjá Rebbekku Líf, grafíkskiðlara. >>6

Valdimar er gallharður Keflvíkingur með gullbarka sem heyrir læti. >>8

Blaðamaður Monitor fór á Oxegegn og ber því vel söguna. >>10

Íslandsmeistarinn Ólafía Þórunn spreytir sig á Lokaprófinu. >>14

### Efst í huga Monitor

## Af aulahúmor og hraða tímans

Hvern hefði grunað það hér fyrir skömmu síðan að Verslunarmannahelgin myndi koma til okkar hlaupandi á met tíma? Tíminn líður svo hratt að það er sem dagarnir arki í átt að okkur og banki upp á þó við ríghöldum í daginn í dag. En við tökum þessari helgi fagnandi enda nóg um að vera á öllum vígstöðum og flestir ættu að geta fundið sér eitthvað að gera.

En Monitor langar að stinga upp á því helgin snúist um meira en bara sumbl, kelerí og samsöng og mælir með því að aulabrandarar verði ofnotaðir um helgina. Það er gaman að hlæja í góðra vina hópi og því er kjörið að leggja sig fram við að búa til lélega brandara.

Félagi minn sagði mér brandara um daginn sem hljóðar á þessa leið: „Hafið heyrt um minnkabúið

sem minnkaði bara og minnkaði þangað til það var búið?“ Það sem er mikilvægt í flutningi brandaranna er tímasetningin. Gott er að gefa sér eina til þrjár sekúndur í pásu áður en „pönnslænið“ er látið flakka. Til að æfa sig á tímasetningunni er upplagt að nota brandara sem byrja á spurningu og grínið leynist í svarinu. „Hvað sögðu dýrin þegar þau lentu í vandræðum?“ (bið í eina til þrjár sekúndur) „Nú eru góð ráð dýr.“

Þessi brandarar hér að ofan eru vitanlega ansi súrir og ef út í það er farið mjög lélegir en þá reynir líka á félagana að hlæja datt til að gera þá góða. Góðar stundir um helgina, gott fólk..

Monitor vill koma á framfæri um góðum þökkum til Hönnu Borgar, ristjórasystur og Arnars

Geirs, blaðamannsvinar fyrir aðstoðina í síðustu viku. Framlag þeirra við vinnslu Þjóðhátíðarblaðsins var ómetanlegt.

**Búðu til hringitóna**

vodafone.is





# Hvar verður þú um Versló?

Þeir sem eru haldnir valkvíða gætu verið í vandræðum um **Verslunarmannahelgina** enda úrvalið á veglegum hátíðum ansi vígalegt. Hvað eru mörg vöff í því?

Meira Ísland  
Vestmannaeyjar

Vertu með YouTube síðu Símans á hreinu  
YouTube /siminnisland

Siminn er styrktaradili Þjóðhátíðar 2011

Skannaðu kóðann og skoðaðu magnað vídeó með Villa á ferð um Vestmannaeyjar

Siminn

## Þitt er valið:

- 1 Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum**  
Lundar, hvít tjöld, brenna, brekkusöngur, flugdasýning og stútfull tónlistardagskrá. Ef þú vilt vita meira þá nælir þú þér bara í Monitor frá því í síðustu viku.
- 2 Færeyskir fjölskyldudagar á Stokkseyri**  
Það er vel við hæfi að Jógvan Hansen skuli halda uppi stuði fram á rauða nótt á færeysku hátíðinni á Stokkseyri. Skelltu þér á kajak, dorgaðu, borðaðu humar, upplifðu draugagang og dansaðu færoyskur dansur.
- 3 Innipúkinn**  
Ef þú nennir ekki að ferðast of langt, gista í tjaldi eða sturta þig í einhverri á en vilt samt heyra skemmtilega tóna og hitta fallett fólk þá smellir þú þér á Innipúkann. Þar færðu heljarinnar stuð alla helgina í miðbæ Reykjavíkur.
- 4 Mýraboltinn á Ísafirði**  
Það er drullu gaman að mæta í drullusvaðið á Ísafirði, fá útrás fyrir því að yta andstæðingnum og hnoðast í rennblautri moldinni. Vertu viss um að safna nógu miklum kröftum fyrir helgina því að þar eru mikil átök nótt sem dag. Þó er bannað að drulla yfir dómarrann.
- 5 Síldarævintýrið á Siglufirði**  
Hversu yndislegt er að dansa í þrjá tíma og kjamsa á síld á meðan? Ef þú ferð á Siglufjörð um helgina þá kemst þú kannski að því og getur um leið minnst góðu síldarsumranna sem voru svo gjöful hér fyrir um 100 árum síðan.
- 6 Ein með öllu á Akureyri**  
Akureyringar eiga flotta ísbúð og notalega sundlaug en svo bætast þeir við alls kyns skemmtilegum uppákomum og tónleikum og þá er komin hátíð með öllu. Tónlist og taumlaus gleði getur ekki klikkað.
- 7 Unglingalandsmótið á Egilsstöðum**  
Hvað er betra en að taka vel á því og gefa sitt allra besta í hverri keppni og geta svo slakað á og skemmt sér vel um kvöldið? Það má vel vera að margt sé skemmtilegra en svona stemningu er engu að síður hægt að upplifa á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina.
- 8 Neistaflug á Nesskaupsstað**  
Ókeypis tjaldsvæði og gleðilegt viðmót tekur á móti þér í Nesskaupstað þar sem lögð er áhersla á að fjölskyldan skemmti sér saman.





**EXTREME CHILL  
FESTIVAL 2011  
UNDIR JÖKLI  
HELLISSANDUR  
5-7 ÁGÚST**

**Farðu á Heineken heppni á Facebook, taktu þátt í Extreme Chill leiknum og þú getur unnið þér inn armband á þessa rafmögnuðu tónlistarhátíð**

**Miðar seldir á [midi.is](http://midi.is) og í Brim Laugavegi og Kringlunni**







**Taktu öðruvísi myndir**



vodafone.is



**BESTA**

Æðislegur velúrjakki úr Spúútník, hann passar við allt og öll tilefni.



# Hef keypt buxur í barnadeild Hagkaupa

**Rebekka Líf**, grafískur miðlari, leyfði **Stílnum** að kíkja í fataskápinn sinn þessa vikuna. Hún er snákur í kínversku stjörnumerkjunum.

## Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?

Kamelljónslegur, módernískur bóhem, rokkaður, retró og „accessoræseraður“.

## Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?

Ég spái rosalega lítið í því hvaðan flíkurnar koma, vel mér bara það sem mér þykir flott hverju sinni og yfirleitt verður eitthvað ódýrt fyrir valinu. Það hentar mér ágætlega þar sem ég er mjög fljót að fá leið á fötum. Ég verð samt alltaf dolfallin þegar ég kem inn í *Einveru*. Þar eru klikkaðir skór frá *Jeffrey Campbell* og svo finnst mér Kalda línan mjög heillandi. Annars finnst mér mjög flott fót í *Forever 21*, *H&M*, *Zara*

og *Vila* en mér er svo alveg sama hvaðan fötin koma. Ég hef meira að segja keypt mér buxur í barnadeildinni í *Hagkaup*, númerin þar eru alveg upp í 176 og þetta er sérstaklega hentugt á Tax-free dögum.

## Hversu mörg skópör átt þú?

Ég geng mest í hælum og wedges en ég taldi skópörin nú einhvern tímann og voru þau í kringum 30 talsins og þá taldi ég ekki með flatbotna skó, dansskó eða strigaskó. Síðan þá hef ég keypt mér ný pör en sömuleiðis hafa þó nokkur fengið að fjúka niður í geymslu.

Ég er líka algjör skóböðull þannig skórnir endast mislengi hjá mér.

## Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?

Ef það væri upp á líf og dauða myndi ég fá mér lítinn snák, þar sem ég er snákur í kínversku stjörnumerkjunum, sem hringar sig og réttir mér rauða, útsprungna rós með skoltunum. Það yrði samt leynihúðflúr á leynistað.

## Hvaða flík er ómissandi að þínu mati fyrir útilegurarnar í sumar?

Þar sem alla veðra er von á íslensku sumri er nauðsynlegt að vera vel klædd og vel skóuð. Flott og öðruvísi gúmmístígvél eru alveg málið og alltof stórar, íslenskar lopapeysur.



**25% afsláttur**  
af öllum vespum og aukahlutum

Örfá hjól eftir

Betra verð en á Ítalíu  
Einstakt tækifæri

**Ekta Vespa fæst  
aðeins hjá Heklu!**

Piaggio Vespa S 125, verð aðeins: ~~629.000 kr.~~ **471.750 kr.**

Piaggio Vespa LX 125, verð aðeins: ~~599.000 kr.~~ **449.250 kr.**

Piaggio Vespa LXV 125 - Afmælisútgáfa, verð: ~~689.000 kr.~~ **516.750 kr.**

**Vespa**<sup>®</sup>

www.vespur.is

**Sumarútsala**

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





**DÝRASTA**

Miu Miu kjóll; ég fékk afmælskort og jólakort í þrjú ár frá Sævari Karli eftir að hann var keyptur. Fer helst í honum í veislur eða ef mig langar að vera sumarleg en mjög settleg.



**SKRÍTNASTA**

Gegnsæ taska úr plasti með gegnsæju hólfu sem væri kannski ekkert sérstaklega skrítið nema vegna þess að í hólfinu er grænn froskur sem tístir ef potað er í hann. Mér áskotnaðist þessi taska á götumarkaði á Spáni árið 2003.



**fataskápurinn**

**NÝJASTA**

Ég keypti mér brúna sandala wedge skó við röndótt maxi pils úr Víla, sem ég átti reyndar eftir að kaupa þá en hafði hug á að nota það saman. Sandalana keypti ég í MOMO á Laugaveginum.



**FLOTTASTA**

Evuklæðin mín, mjög fallegur kjóll sem Eva Rögn vinkona hannaði. Finn bæði á djammíð og í fjölskylduboðin.



**ÞÆGILEGASTA**

Hærem buxur sem konan hans pabba kom með frá Danmörku síðasta sumar. Ég nota þær bara hversdags, ýmist við hæla eða töff flatbotna skó.



**Besti hlaupafélaginn**



vodafone.is



**Snjallsími á frábæru verði**

Vorum að fá í sölu nýjan 3G snjallsíma frá Vodafone

**Vodafone 858 Smart**

- Android 2.2 stýrikerfi
- 2MP myndavél
- WiFi og GPS

Verðið á þessum öflugra síma er ótrúlegt eða aðeins

**22.990 kr.**

Kynntu þér málið í næstu verslun eða á **vodafone.is**

vodafone.is



# Ætlaði bara að syngja fyrir

**Básúnuleikarinn með gullbarkann, Valdimar Guðmundsson, er gallharður Keflvíkingur sem söng í fyrsta sinn af alvöru fyrir langömmu sína. Hann dreymir um að geta lifað á tónlistinni en vill þó aldrei ná neinum endapunkti í list sinni.**

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
Myndir: Golli

einar@monitor.is  
golli@mbl.is

Valdimar Guðmundsson hefur getið sér gott orð með hljómsveit sinni, sem er reyndar heitir líka Valdimar, þar sem hann syngur og blæs í básúnu. Hann er skólagenginn í básúnuleik en sjálfærður söngvari. Hljómsveitin lauk nýverið við tús um landsbyggðina og sagði Valdimar að móttökurnar hefðu verið yndislegar en þess má geta að á einum viðkomustað gisti hljómsveitin eina nótt í skútu. Geri aðrir betur.

**Ég las einhvers staðar að þú hefðir verið mikill rappari og meira að segja verið kallaður Valdi 2Pac. Má maður eiga vona á einhverju rappi frá þér síðar og seinna meir?** Á tímabili hlustaði ég rosalega mikið á rapp, sókkti mér alveg í það. Þetta byrjaði þegar ég keypti mér Greatest Hits með 2Pac í körfuboltaferðalagi og þá fór maður að hlusta á fleiri eins og Def Jam-rapparana, þá DMX, Nas, Jay-Z og þessa gæja. Svo hlustaði maður á Eminem þegar hann kom fram á sjónarsviðið og ég hlustaði eiginlega ekki á neitt annað á tímabili. Þegar menn voru að reyna að stinga að mér einhverju rokki þá fannst mér það bara einhver bölvuð þunglyndistónlist. Ég geri ekki ráð fyrir að fara að rappa opinberlega. Ég held að ég hafi nú alveg flæðið sem til þarf, enda er maður búinn að hlusta svo mikið á þetta, en ég held að ég hafi ekki persónuleikann í það. Maður þarf að hafa alveg óbilandi trú á sjálfum sér, jafnvel vott af hroka til að vera í rappinu. Svoleiðis á ekki svo vel við mig.

**Þú ert Suðurnesjamaður. Hvernig myndir þú lýsa Keflavík í fáeinum orðum?** Það er hinn fínasti bæ. Hann hefur kannski orðspor fyrir að vera eitthvað villtur en ég upplif hann ekki þannig. Þetta er minn heimabær og ég hef mjög sterkar taugar til hans. Það er nú margt sem hefur gengið á þarna í bænum, en ég nenni nú ekki að fara að ræða pólitík (hlær). Ég er alveg gallharður Keflvíkingur.

**Hvenær byrjaði þú í tónlist?** Ég byrjaði í blokkflautunámi sem kornungur drengur, fimm eða sex ára. Þá var maður samt ekkert að byrja einhvern tónlistarferil. Þetta var ekkert eitthvað: „Jæja, nú fer ég í blokkflautuna og ætla að gera eitthvað úr mér“, það var ekki fyrr en á seinni árum sem maður fór að pæla í tónlist af alvöru. Þegar ég var kominn upp í svona níttján ára aldurinn þá fór mann að langa að koma sér í listaháskóla og svoleiðis.

**Af hverju fórstu að læra á básúnu?** Þegar ég var lítill sagði ég við mig þabba minn að ég vildi spila á „lúð“, ekki lúður heldur „lúð“. Þabbi var svo hrifinn af básúnunni og honum fannst hún passa í alla tónlist, sem hún náttúrulega gerir, þannig að hann valdi eiginlega hljóðfærið fyrir mig. Mér fannst þetta sjálfum mjög kúl að vera með svona sleðahljóðfæri og maður er búinn að hanga á því síðan.

**Varstu lúðrasveitarlúði sem krakki?** Jú jú, maður var í lúðasveit eins og maður kallaði það. Ég var alltaf í lúðrasveitunum og líka léttisveit Tónlistarskóla Reykjanessbæjar. Með þessum sveitum kom maður fram á hinum ýmsu viðburðum eins og 17. júní í Keflavík og á Ljósanótt. Það var mjög gott í reynslubankann að spila með svona mörgum og við spiluum allan andskotann af tónlist svo maður varð auðvitað fyrir áhrifum.

**Hvenær uppgötvaðir þú gætir sungið?** Ég var alltaf ágætissöngvari sem krakki og var alltaf að syngja með lögum heima fyrir, til dæmis Michael Jackson. Mamma var alltaf að reyna að hvetja mig til að syngja eitthvað en ég hafnaði því, sagði að fólk myndi bara gera grín af mér eða eitthvað, þetta var svona sviðsskrekur. Fyrsta skipti sem ég söng af alvöru fyrir einhvern var þegar ég söng fyrir hana langömmu mína. Hún var svo mikill aðdáandi lagsins Have You Ever Really Loved A Woman? með Bryan Adams þannig að þegar ég var þrettán ára söng ég það inn á upptöku. Systir mín hafði fundið eitthvað hallærislegt MIDI-undirspil sem ég söng yfir í stúdíói hjá honum Kidda í Hjúlmum. Síðan dreifðist þessi upptaka um alla ættina og áður en ég vissi af voru einhverjar bekkjarsystur mínar búnar að heyra þetta hjá frænku minni. Þær sögðu: „E, flott lagið þitt“, en ég var nú ekki alveg að fíla það. Mig langaði ekkert að fá athygli, ég var bara að syngja fyrir ömmu mína. Ég söng hins vegar ekkert á almannafæri fyrr en svona um tvítugt, til dæmis í söngkeppni innan Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

**Það hefur þú verið um svipad leyti sem þú fórst að fikra þig áfram í hljómsveitarbraski, ekki satt?** Jú, um það leyti fór ég að syngja með hljómsveit sem hét Streng. Í þeirri hljómsveit voru Ásgeir og Gulli, sem spila á gítar og bassa í hljómsveitinni Valdimar, og Rebekka spilaði á bassa en hún er í Hjaltaín í dag. Við vorum svona komin aðeins

## ÞETTA EÐA HITT

**Körfubolti eða fótballi?** Körfubolti mér finnst skemmtilegra að spila hann en skemmtilegra að horfa á fótballa.

**Trompetleikarar eða saxófónleikarar?** Báðir flokkar eru frekar miklir „show-offs“, en ég er meira tengdur trompetleikurunum, svo ég segi trompet.

**Michael Jackson eða Thom Yorke?** Thom Yorke. Michael Jackson var svona fyrsta stjarnan sem maður hlustaði á en Thom Yorke er svona sá sem maður hefur hlustað mest á og litur mest upp til.



af stað en svo datt það alveg niður en okkur langar dálítið að halda áfram þar sem frá var horfið seinna meir.

**Fyrr á árinu söngst þú titillagid í myndinni Okkar eigin Osló. Hvernig kom það til?** Ég var búinn að vera að spila með honum Samúeli Jóni Samúelssyni og stórsveitinni hans og þannig kynntist ég honum Helga Svavari trommara úr Hjúlmum. Hann frétti síðan að ég væri búinn að vera að syngja með hljómsveit og á sama tíma var hann að gera tónlistina fyrir þessa kvikmynd og var með lag sem vildi fá einhvern söng við. Hann setti sig þá í samband við mig og Braga Valdimar Skúlaon, textahöfund og Baggalút, sem samdi texta og sönglínu og ég söng inn á upptökuna. Það var alveg ótrúlega skemmtilegt að fá þessa fyrirsögn á Facebook frá honum Helga Svavari og mjög skemmtilegt að fá að vinna með Memfismaffunni.

**Hljómsveitin þín heitir sama nafni og þú eða eftir þér sjálfum. Er það af því að þú ert svo frekur?** Nei, það er nú ekki af því að ég er frekur. Við vissum bara ekkert hvað við áttum að skíra þetta helvítis band. Við vildum ekki að þetta væri eitthvað nafn sem gæfi til kynna að við værum að reyna að vera töff, við vildum bara hafa það látlaut. Svo kom allt í einu Ásgeir gítarleikari með þessa hugmynd: „Strákar, en bara Valdimar?“. Mér fannst það auðvitað bara fint, ég er hrifinn af þessu nafni almennt. Við vissum hins vegar aldrei að hljómsveitin myndi vekja einhverja athygli, við vorum bara vinir að leika okkur og skírðum bandið á þeim forsendum. Við vorum ekkert að velta því fyrir okkur hvað fólk myndi segja eða hvað þetta yrði skrítið í viðtölum. Ég gerði til dæmis sjálfur ekki ráð fyrir að ég yrði seinna í einhverju Monitor-viðtali.

**Lagid ykkar, Yfirgefinn, hefur vakið mikla lukku. Heyrir þú ennþá læti?** Já, lagið virðist vera að gera það ennþá, það er okkar langvinsælasta lag. Ég heyri þau að minnsta kosti ennþá niðri í bæ þegar ég hitti eitthvað fólk sem gólar viðlagið úr laginu að mér. Það er farið að verða svona þínu þreytandi (hlær). Ég segi svo sem ekki að þetta sé eitthvað leiðinlegt, þetta er bara orðinn svona partur af mínu lífi núna.

**Þið lékuð eitthvað á erlendri grundu í maí. Hvernig var tekið í tónlistina ykkar úti?** Við fórum út til Greifswald í Þýskalandi og spiluðum á hátíð þar. Þetta var einhver norræn hátíð en það er tungumálaskóli þarna sem kennir meðal annars íslensku. Við mættum nokkrum Þjóðverjum sem töluðu reiprennandi íslensku, það var mjög skrítið. Það var tekið mjög vel í tónlistina okkar en við reyndar gleymdum að taka með okkur geisladiskinn okkar, hálfvitarnir sem við erum. Við tókum niður nafnalista af fólkum sem langaði að fá lög okkur en við eigum ennþá eftir að senda þeim diska.

**Hvað er það skemmtilegasta við að vera að stússast í hljómsveitarbransanum?** Ég er búinn að kynnast alveg ógrynni af fólkum síðan ég byrjaði í þessu og það er alltaf gaman að eignast nýja vini. Síðan er svo gaman að standa uppi á sviði að spila fyrir framan helling af fólkum sem finnst það sem þú ert að spila geðveikt skemmtilegt. Það er þá sem maður upplifir að maður sé að gera eitthvað gott, maður er auðvitað alltaf að leita að einhverri viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera.

**Hvað er síst við það?** Ætli það sé ekki þetta þegar ókunnugt fólk er að stoppa mig á djamminu? Það er samt alveg mismunandi hvernig þetta á sér stað. Annars vegar er það fólk sem er bara drukkið og er bara eitthvað að góla orðið „læti“ á mann, það finnst mér mjög leiðinlegt. Hins vegar er það fólk sem talar við mann og segist hafa hlustað á lagið og segist jafnvel líka vel við það, það er auðvitað gaman. Reyndar er líka allt rótið leiðinlegt. Nú myndu samt hljómsveitarmeðlimirnir í Valdimar hlæja og segja að ég róti aldrei neitt, ég er yfirlétt ekki mjög duglegur við það.

**Lifir þú rokkestjörmulfferni?** Nei, ég get nú ekki sagt það. Ég er í atvinnuleit sem stendur en það fylgir því svoltið að þegar maður er að spila þá fær maður sér kannski bjór en ég er engin rokkestjarna. Ég er lítið í því að rústa hótélherbergjum og við erum allir frekar rólegir drengir í hljómsveitinni.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera utan tónlistarinnar?** Mér finnst gaman að horfa á góðar bímyndir eða þætti. Svo er ég nú alveg dálítið „þróttalega sinnaður“, eins og Jón Gnarr sagði einu sinni, þótt ég stundi þær ekki mikið. Ég æfði samt körfubolta í mörg ár enda mikil körfuboltahefð í Keflavík. Svo fylgist maður með fótballinum bæði á Íslandi og Englandi.

**Um árið var knattspyrnulið Keflavíkur með öflugan stuðningshóp sem kallaði sig Puma-sveitina. Mér skilst að þú hafir spilað á básúnu í þessari sveit. Ertu gallhörð fótballaballa?** Ég var það allavega og maður er með mikið keppnissskap. Við studdum bæði fótballa- og körfuboltalið Keflavíkur. Þetta hefur minnkað aðeins í seinni tíð en þetta var skemmtilegt, það var alltaf mikil stemning í þessu. Maður hefur mætt á tvo bikarúrslitaleiki sem Keflavík hefur unnið.

**Þú ert gallharður Keflvíkingur og Bob Dylan er uppáhaldstónlistarmaðurinn þinn. Hvort vildir þú heldur festast á eyðieyju með Dylan eða fótballaliði Keflavíkur?** Ég hef heyrt að Bob Dylan sé hundleiðinlegur gaur en það væri nú rosa gott fyrst. „Bob Dylan, þú herna? Geðveikt!“ Eftir einhvern tíma yrði hann síðan orðinn leiðinlegur. Upp á sjálfbjargarviðleitina þá myndi ég örugglega velja fótballaliðið, það er líklegra að við reddum okkur ef við erum fleiri. Þetta er samt erfitt því að Bob Dylan er uppáhaldstónlistarmaðurinn minn.

**Ef þú mættir velja hvaða hljómsveit í heimssögu tónlistar til að sjá á tónleikum, hver yrði fyrir valinu?** Það eiginlega hlýtur bara að vera Bitlarnir, þótt þeir hafi náttúrulega ekki spilað mikið á tónleikum á seinni hluta ferils síns. Þeir eru samt svo miklar goðsagnir og áttu mikinn þátt í því að ég hætti að hlusta á rappið og fór að hlusta á alvöru tónlist.

**Þú ert orðinn ansi skeggjaður. Lifir þú eftir lífsstefnu Amish-fólksins?** Nei, þetta er í rauninni bara leti. Svo reyndar finnst mér þetta lúka betur fyrir mig að vera með þetta svona. Það er svoltið síðan ég rakaði þetta allt af síðast og það fannst mér hræðileg sjón þannig að ég vil helst alltaf vera með að minnsta kosti smá skegg.

**Þið í hljómsveitinni áttuð glansframmistöðu á Bræðslunni um síðustu helgi. Var þetta flottasta giggið hingað til?** Þetta var reyndar „off-venue“, á upphitunarkvöldinu í félagsheimilinu á Borgarfirði eystri. Það gekk allavega ótrúlega vel, örugglega mesta stemning sem hefur myndast hjá okkur og það varð bara allt vitlaust þegar við tókum Yfirgefinn. Þetta var víst tekið upp á myndband, ég hlakka bara til að sjá það.

**Svo er það Innipúkinn um verslunarmannahelgina. Hvernig leggst það í þig og við hverju má búast frá ykkur?** Þetta leggst mjög vel í mig, þetta verður í fyrsta skipti sem við spilum í Iðnó og ég býst bara við góðri stemningu. Nennir nokkur að fara út úr bænum? Það verður vont veður og svona. Síðan erum við að spila með honum Eyfa (Eyjólf Kristjánssyni), hann verður að spila á undan okkur og svo tókum við nokkur lög með honum.

**Hvað er framundan hjá þér það sem eftir lifir sumars og í haust?** Ég er að vinna í hliðarverkefni með Björgvini Ívari Baldurssyni úr hljómsveitinni Lifun og Klassart. Við erum að vinna að plötu með rólyndistónlist ásamt honum Stefáni Erni sem hefur spilað með Buffinu og Jónasi Sig. Þetta hefur gengið ágætlega en ég þarf sjálfur að fara að drullast til að semja texta. Við í Valdimar ætlum að klára þessa sumartörn og svo kannski róum við okkur aðeins niður og förum að skoða nýju hugmyndirnar sem er komnar. Ásamt Innipúkanum erum við síðan að spila á útihátíð SÁÁ um verslunarmannahelgina.

**Hver er draumurinn í tónlistinni?** Það er bara að geta lifað á því að vera tónlistarmaður, það er ekkert svo auðvelt. Ég er ekki kominn á þann stað og ég held að það séu mjög fáir á þeim stað á Íslandi. Mig langar að geta verið bara í þægindum að semja tónlist og fá frið til að þróa eitthvað áfram. Ég vil samt aldrei vera kominn á einhvern endapunkt þar sem ég væri bara búinn að gera allt sem ég get gert. Maður vill alltaf vera að þróast eitthvað því annars væri engin ástæða til að halda þessu áfram.



# ir ömmu

## HRADASPURNINGAR

**Fyrstu sex:** 070885.

**Upphaldsstaður í heiminum:** Ætli það sé ekki Hjalteyri og reyndar New York.

**Upphaldsmatur:** Folaldakjöt.

**Helsti kostur:** Erfitt að svara þessu en ætli það sé ekki að ég er kíminn?

**Versti ávani:** Maður getur stundum verið svolítið kærulaus.

**///** *Mamma var alltaf að reyna að hvetja mig til að syngja eitthvað...*

viðtalið



# Bestu tónleikar lífs míns, kvöld eftir kvöld

**Blaðamaður Monitor** var staddur á tónleikahátíðinni **Oxegen** fyrir í júlí. Þar upplifði hann flottustu tónleika sem hann hefur farið á, kvöld eftir kvöld, og að sjálfsgöðu stalst Monitor í **dagbók** hans.

Miðvikudagurinn 6. júlí

## ILLA TEKID Í FLUGVALLARPLANK

Í dag lagði hópur ungra Íslendinga upp í einhvers konar pílgrímsferð í því skyni að berja átrúnaðargoð sín augum í landi papa og Guinness-bjór, Írlandi. Lagt var af stað frá Keflavík en millilenti í Lundúnum. Markverðasta atviki dagsins var þegar einn úr hópnunum var manaður upp í að taka klassískt plank á flugvellinum. Þá vorum við stödd á færbandi sambærilegt rúllustiga (nema á jafnsléttu) en það vildi ekki betur til en svo að breskur karlmaður á besta aldri sem var fyrir aftan íslenska strákinn á göngubrettinu brast harkalega við og reyndi að rífa hann niður úr stöðunni, en hann var nýbúinn að koma sér fyrir sem planki þvert yfir brautina á handriðunum. Bretarnir hafa augljóslega ekki sama húmor og Íslendingar. Eftir að við lentum í Dyflinni uppgötvuðum við strax hve skrýttinn írski hreimurinn væri þegar leigubílstjórinn rukkaði okkur ekki um „þórtí-fæv“ evrur, heldur „tortí-fæv“ sem reyndist okkur ógerlegt að skilja í fyrstu tveimur tilraunum.



Fimmtudagurinn 7. júlí 2011

## MEÐ PLASTPOKA YFIR ANDLITIÐ

Vöknuðum á hippahostelinu okkar þar sem ég gisti í herbergi ásamt kærustu og átta ókunnugum útlendingum. Tónleikasvæðið er staðsett við gamla írskan veðreiðavöll í 40 mínútna fjarlægð frá Dyflinni. Það var yfirþyrmandi að mæta í mannmergöina og það mest áberandi við mannskapinn var klæðnaðurinn á kvenmönnum. Önnur hver stelpa minnti á persónuna Vicky Pollard úr þáttunum Little Britain og allar klæddar í gallastuttbuxur jafnvel þótt úti væri frekar kalt, segir Íslendingurinn. Við Íslendingarnir vorum blessunarlega komnir langleiðina með að reisa tjaldbúðir okkar þegar alvöru írskir regndropar byrjuðu að bombast á kollum okkar. Þegar tjöldun var afstaðin varð fljótlega ljóst að þetta yrði langt kvöld fyrir höndum. Drykkjulæti Íranna voru þess eðlis að fjölmenn og fjörug útihátíð á Íslandi væri hin besta bindindishátíð á írskum mælikvarða. Við Íslendingarnir eignuðumst strax okkar uppáhaldsgesti á svæðinu en þar á meðal var írskur strákur sem gekk út um allt með plastpoka á hausnum eða yfir andlitinu, einn rauðhærður ruddi sem leit alltaf út eins og hann væri að reyna að stofna til slagsmála og síðastur en ekki sístur var innfæddur gæi sem gekk út um allt og reyndi að bjóða mönnum að prófa bjórtrektina sína en virtist því miður vinafár.



Föstudagurinn 8. júlí 2011

## RAPPAFAR OG SVÖLUSTU MENN Í HEIMI

Nóttin var löng eins og spáð var fyrir um. Ekki nóg með það að rigningin hafi verið linnulaus, þá var lítið hægt að sofa fyrir látum á tjaldsvæðinu. Það var heldur ekki um að ræða einhver hefðbundin partí læti, á meðan ég lá í tjaldinu vaknaði ég bæði við það að eitthvert írskt ungmennið var að æla úr sér líftórana hinum megin við þunna „vegginn“ á tjaldinu mínu og hálf tíma seinna við það að írskur kvenmaður var að pissa á tjaldið mitt. Það var með súrrealískari upplifunum mínum til þessa. Í dag var samt besta ákvörðun okkar Íslendingahópsins tekin – að færa okkur um set á tjaldsvæðinu. Korníð sem fyllti mælinn var sennilega þegar við urðum fyrir truflun af tveimur innfæddum unglingsstrákum sem voru einhverra hluta vegna bundnir saman á ökkulunum og báðir með ælu út um peysurnar sínar allar. Nýi legustaðurinn okkar er undir turni sem öryggisvörður dvelur í og því töluvert friðsælli en ómennskufurmskógurinn sem við dvöldum á áður. Tónleikahátíðin hófst í dag og þegar ég hafði verið á svæðinu í nokkrar sekúndur byrjaði forspilið af rappsmeilinum frá '92, Jump Around, með rappsveitinni House of Pain sem eru á fimmtugsaldri og komnir með grátt í skegg. Þetta var ansi óvænt



en góð byrjun á hátíðinni. Sá einnig Weezer í dag. Þeir eiga auðvitað helling af grípandi lögum sem gaman var að sjá, en á sama tíma frekar fyndið að hugsa til þess að þessir gæjar séu einmitt líka komnir á fimmtugsaldur en þó enn að syngja um ameríska háskólamenningu. Rappið hélt áfram þegar ég sá Tinie Tempah flytja sína slagara ásamt mjög þéttri hljómsveit kvöldsins var hins vegar án efa töffararnir frá New York, The Strokes. Þeir voru klárlega svalasta samansafn manna sem ég hef nokkurn tímann séð og það var líka fyndin upplifun að vera á tónleikum þar sem áhorfendaskarinn söng jafnmikið með gítarriffunum og söngvaranum, enda Strokes þekktir fyrir grípandi gítarstef. Það voru síðan fjórmenningarnir í Black Eyed Peas sem sáu um að loka kvöldinu mínu. Þau settu á svið flottasta „show“ sem ég hef orðið vitni að og héldu uppi rífandi stemningu. Fergie, will.i.am og félagar stóðu sig töluvert betur þarna heldur en í Super Bowl hálfleikssýningunni í vor. Það verður þó að fylgja sögunni


að þau sungu í gegnum „auto tune“-græju ásamt því að will.i.am lenti í frekar vandræðalegu atviki þegar hann ruglaði saman Oxegen-hátíðinni og O2-leikvanginum í London, þegar hann ávarpaði lýðinn.



**Hlustaðu á tónlist**

vodafone.is





**Laugardagurinn 9. júlí 2011**  
**BRUNO SENUÞJÓFUR**

Eftir að hafa vaknað í miklu svitabaði inni í tjaldi lærði ég fróðleiksmola ferðarinnar um Oxegen-hátíðina. Íslensk stelpa lenti á spjalli við einn íra sem furðaði sig mikið á því hvers vegna við hefðum lagt leið okkar til Írlands á þessa hátíð. Íslenska stelpan svaraði einfaldlega við hefðum verið spennt fyrir öllum stóru nöfnunum á hátíðinni. Yfir því fussaði hann hins vegar og sagði að við hefðum þá frekar átt að fara eitthvert annað, því þessi hátíð snerist bara um það að vera fullur. Þetta svar útskýrði svo margt sem á vegi okkar hafði orðið til þessa í fáum orðum.

Senuþjófur dagsins var kvennagullið Bruno Mars. Ég lagði leið mín á þá tónleika með litlar væntingar, hafði bara heyrt tvö lög eða svo í útvarpi síðastliðinn vetur, en hann fór langt fram úr væntingum. Með honum var fáránlega flott hljómsveit þar sem allir meðlimir voru klæddir eins og „old school“ rapparar og voru virkilega færir hljóðfærалеikarar. Hvað sem fólk finnst síðan um hann Bruno, þá er hann virkilega öflugur söngvari og flinkur á gítar í þokkabót. Um kvöldið stigu Sheffield-sveinarnir í Arctic Monkeys á svið og voru greinilega á heimavelli. Þönkskotna rokkið þeirra fékk ófáa irsku ruddana til að hefja svokallaða „mosh pit“ sem algengir eru á tónleikum með rokki í harðari kantinum. Það var frábært að heyra þeirra frægustu lög en að öðru leyti tilprifalítill upptroðsla fyrir minn smekk. Rokkrísarnir í Foo Fighters voru lokaatriði kvöldsins og gáfu allt í botn. Mér fannst persónulega merkilegast hversu Dave Grohl er úthaldsmikill. Þrátt fyrir að vera 42 ára fór hann létt með að spretta milli kanta sviðsins á meðan hann spilaði á gítar og söng. Rétt fyrir svefnum fréttum við að einhverjir fimm tjaldsvæðagestir hefðu verið stungnir en það er nú bara eins og gengur og gerist.



**Sunnudagurinn 10. júlí 2011**  
**GYÐJAN OG GOÐIN**

Fyrir ykkur þarna úti sem eruð að velta fyrir ykkur að kíkja á tónleika með Tik tok-þíunni Ke\$ha, þá get ég því miður ekki gefið því mín meðmæli. Þótt gaman hafi verið að bæta henni á ferilskrá þeirra tónlistarmanna sem maður hefur séð, þá var hún einstaklega tilgerðarleg og steikt á sviði. Slash mætti í sínum einkennisgalla – ber að ofan, með pípuhatt og sólgleraugu og blaktandi krullur. Maður fékk óneitanlega smá gæsahúð að sjá þetta goð spila inngangsgítarstefið að Sweet Child O' Mine þótt annars hafi hljómsveitin hans verið hálfgerð Guns N Roses „cover-band“. Hann kryddaði upp á sýninguna sína með því að fá Fergie til að syngja með sér tvö lög. Áhorfendaskrillinn var ekki fyrr byrjaður að syngja „fuck Axl Rose, fuck Axl Rose“ þegar sviðsmenn hófust handa við að stilla upp einhverjum tonnum af ljósabúnaði fyrir drottninguna Beyoncé. Í fáeinum orðum þá sveik hún svo sannarlega engan. Innkoman var lýtalaus; hún reis upp úr sviðinu í lyftu með reykt og tilheyrandi ljósum og dúndraði dagskránni sinni af stað með laginu Crazy in Love. Þá var ekki aftur snúið, næsta klukkutímann töfraði hún marga tugi þúsunda manns upp úr skónum með dansi, óaðfinnanlegum söng og einlægu spjalli við áhorfendur milli laga. Smell eftir smell ærðist allt og voru hápunktarnir í mínum augum þegar hún keyrði í gang Destiny's Child-syrpu og þegar hún fékk allan áhorfendaskarann til að syngja með í upphafi lagsins Irreplaceable. Ekki nóg með hvað gyðjan sjálf var flott, heldur var hljómsveitin hennar líka einhver flottasta hljómsveit sem ég hef séð. Um var að ræða tíu manna rokkhljómsveit með brass-tríó og öllu, nema hvað að hver einasti meðlimur hljómsveitarinnar var kona af þeldökkum uppruna. Einkar vel við hæfi enda var þarna sungið að stelpurnar stjórni heiminum. Eins fullkomin og frammistaða Beyoncé var hafði hápunktur hátíðarinnar ekki enn verið náð. Næstir á svið voru átrúnaðargoði undirritaðs síðastliðinn áratuginn, Coldplay. Þeir áttu allan mannskapinn frá fyrstu sekúndu síns flutnings og þeim hefði hæglega nægt að syngja „Maja átti lítið lamb“ og allt hefði orðið vitlaust. Það gerðu þeir hins vegar ekki heldur spiluðu hvert snilldarlagið sitt á fætur öðru af því líkri innlifun og ákefð að allt ætlaði um koll að keyra. Reginmunurinn á Coldplay og til dæmis Strokes var sá að Chris Martin gaf mikið af sér með tali milli laga, án þess þó að missa niður stemninguna. Jafnframt söng áhorfendaskarinn oft á tíðum heilu kaflana í lögum þeirra að ósk hans. Sá samsöngur náði hæstu hæðum í kafla í laginu Viva La Vida sem áhorfendur héldu áfram að gaula löngu eftir að tónleikunum var lokið. Í þetta sinn var það hinn mesti kostur að írarnir hefðu í raun takmarkaðan áhuga á tónlistinni, því mér og mínum tókst að koma okkur svo framarlega á tónleikunum að þegar Coldplay slógu sína síðustu tóna héldum við í handriðið sem aðskildi áhorfendur og sviðið. Að standa í fimm metra fjarlægð frá átrúnaðargoði þínu og hlusta á hann leika þín uppáhaldslög er óviðjafnanlegt. Nú þarf ég aldrei aftur að fara á tónleika og get dáið sáttur, ég hef séð það besta.



**25% afsláttur**  
af öllum vespum og aukahlutum  
Örfá hjól eftir

**Ekta Vespa fæst  
aðeins hjá Heklu!**

Piaggio Vespa S 125, verð aðeins: ~~629.000 kr.~~ **471.750 kr.**  
Piaggio Vespa LX 125, verð aðeins: ~~599.000 kr.~~ **449.250 kr.**  
Piaggio Vespa LXV 125 - Afmælisútgáfa, verð: ~~689.000 kr.~~ **516.750 kr.**

**Vespa**  
www.vespur.is

Betra verð en á Ítalíu  
Einstakt tækifæri

**Sumarútsala**



„Úti í Eyjum, var Einar kaldí,“ sungu **Stuðmenn** í myndinni *Með allt á hreinu*. Verður Einar úti í **Eyjum** um helgina?

## FERILLINN



### Jamie Foxx

**Hæð:** 178 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Ray Charles.  
**Staðreynd:** Fékk 22 verðlaun fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Ray.  
**Eitruð tilvitnun:** „Ég er hér til að bjarga R&B“

**1967** Fæddist þann 13. desember í bænum Terrell í Texas sem Eric Marlon Bishop.

**1989** Vakti athygli fyrir uppstand sitt og eftirhermur. Um svipað leyti ákvað hann að breyta nafninu sínu í Jamie Foxx eftir grínistanum Redd Foxx.

**1992** Kom í fyrsta skipti fram á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni *Toys* en hélt sig við leik í sjónvarpsþáttum næstu árin.

**1994** Gaf út sína fyrstu breiðskífu, *Peep This*, sem vakti litla sem enga athygli.

**1996** Byrjaði með þáttinn *The Jamie Foxx Show* og stjórnaði honum í heil fimm ár.

**1999** Fékk sitt fyrsta alvörugefna kvikmyndahlutverk í kvikmyndinni *Any Given Sunday* og sló rækilega í gegn í framhaldinu.

**2005** Var tilnefndur til Óskarsverðlaunanna bæði sem besti leikari í aðal- og aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í kvikmyndunum *Ray* og *Collateral*. Foxx fékk Óskarinn sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á hinum ástsæla Ray Charles. Hann hlaut einnig BAFTA-verðlaun í sama flokki fyrir frammistöðuna. Sama ár söng Foxx í laginu *Gold Digger* ásamt rapparanum Kanye West. Lagið gerði allt vitlaust og var 10 vikur í efsta sæti Billboard-listans.

**2007** Fékk sína eigin stjórn á frægðargötu Hollywood og lýsti deginum sem einum þeim besta í lífi sínu.

**2010** Nældi sér í Grammy-verðlaun fyrir bestu frammistöðu tvekykis með rapparanum T-Pain. Foxx hafði áður fengið fjölmargar tilnefningar til verðlaunanna.



## Frumsýningar helgarinnar

KEVIN SPACEY LEIKUR ANSI VONDA TÝPU Í HORRIBLE BOSSES

### Horrible Bosses

**Leikstjóri:** Seth Gordon.  
**Aðalhlutverk:** Jason Bateman, Jason Sudeikis, Jennifer Aniston, Colin Farrell, Kevin Spacey, Donald Sutherland og Jamie Foxx.  
**Lengd:** 130 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 7,6 / Metacritic: 57 / Rotten Tomatoes: 69%  
**Aldurstakmark:** 12+  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Áflabakka, Kringlunni og Egilshöll.

Félagarnir Nick Hendricks, Dale Arbus og Kurt Buckman vinna hver á sínum vinnustaðnum, en þeir eru allir jafn óhamingjusamir í vinnunni. Í órvæntingu sinni ákveða félagarnir að snúa vörn í sókn og tryggja hamingju sína með því að myrða yfirmennina þrjá, en það er ekki jafn auðvelt að drepa manneskju og margir halda.



## Heitasti leikurinn í dag

vodafone.is

## KVIKMYND



**Harry Potter and the Deathly Hallows: Part II**  
**Leikstjóri:** David Yates.  
**Aðalhlutverk:** Daniel Radcliffe, Emma Watson & Rupert Grint.  
**Lengd:** 130 mínútur.

## Potter kveður með stæl

Harry Potter ævintýrið er á enda. Þvílík saga. Kvikmyndirnar urðu átta talsins og það má með sanni segja að Harry kveði okkur á frábæran hátt. Kvikmyndin hefst á nákvæmlega sama stað og fyrri hlutinn endaði. Voldemort hefur náð Yllisprotanum, öflugasta sprotta veraldar og allt stefmir í að hann verði gjörsamlega óstöðvandi. Á meðan eru Harry, Hermione og Ron að syrgja Dobby sem fórnadi sér svo göfulega í lok fyrri hlutans. Ég var gríðarlega ánægður með þessa mynd. Hún er ótrúlega vel gerð í alla staði. Söguþráðurinn er mjög þéttur og fær leikstjóri myndarinnar, David Yates, mikið hrós frá mér því hann hefur skilað frábæru verki frá sér. Ákveðið lykilstítt í myndinni er meistaralega vel gert hjá Yates og grét ég eins og lítil stelpa yfir því. Ég verð einnig að minnast á tónlistina. Alexandre Desplat samdi tónlistina fyrir báðar myndirnar um Dauðadjásnin og gefur hún myndunum mikinn ævintýrablað. Hann slær samt ekki Nicholas Hooper út. Hann átti skilið að fá Óskarinn fyrir tónlistina í Blendingsprinsinum.

gefur að skilja misgöðar en þær eru samt allar vel yfir meðallagi. Það sem hefur þó verið í lagi allan tímann er val á aukaleikurum. Þremmenningarnir hafa verið í aðalhlutverki allan tímann og hafa þau skánað mjög mikið. Daniel Radcliffe, sem leikur Harry, sýnir sína bestu frammistöðu í þessari mynd og einnig er Rupert Grint mjög flottur sem Ron. Þeir toppa samt ekki sleggjurnar Alan Rickman og Ralph Fiennes. Rickman hefur farið á kostum sem hinn flókni Severus Snape og aðeins Ralph Fiennes hefði getað leikið Voldemort. Michael Gambon hefur túlkað Dumbledore snildarlega og Helena Bonham Carter var geggiuð sem hin illa Bellatrix Lestrange. Í rauninni hefur elítan í bresku leikarastéttinni stutt við bakið á þremmenningunum og gefið myndunum alveg ótrúlega mikið. Ég sem mikill aðdáandi Potter bókanna er mjög sáttur með niðurstöðuna. Báðir partarnir um Dauðadjásnin voru frábærir og það var hárrétt ákvörðun að splitta síðustu bókinni upp í tvo hluta. Með því varð uppbyggingin að endinum mun dýpri og betri en ella. Til þín JK Rowling: Takk fyrir mig og Wingardium Leviosa!



Tómas Leifsson

**Frábærir aukaleikarar**  
Harry Potter myndirnar eru eins og

## Popp-korn

Auglýsingaefirlit Bretlands hefur ákveðið að banna tvær sjónvarpsauglýsingar frá snyrtivörfyrirtækinu L'Oréal þar sem þær hafa verið úrskurðaðar villandi fyrir kaupendur. Auglýsingarnar sýna leikkonuna Juliu Roberts og fyrirsætuna Christy Turlington með farða frá L'Oréal og þykir húð þeirra of gallalaus í auglýsingunum. Myndvinnslan sé of mikil og því ekki leyfilegt að auglýsa fördunarvörur á þennan hátt.



Dómstólar í Bretlandi hafa gefið bandaríska leikmynda-hönnuðinum Andrew Ainsworth leyfi til að selja og framleiða eftirlíkingar af búningum hinna hvítu stormdáta úr Star Wars myndunum en Ainsworth hannaði búningana fyrir kvikmyndirnar á sínum tíma. George Lucas var ekki þar sáttur með framleiðsluna og reyndi hvað hann gat til að koma í veg fyrir hana og fá einkaleyfi á búningunum en allt kom fyrir ekki.



Móðir Jennifer Lopez segist hæstanægð með skilnað hennar og Marc Anthony. Hún hefur nú þegar hafist handa við að reyna að koma Lopez og fyrverandi kærasta hennar, Ben Affleck, saman á ný. Samkvæmt heimildum OK! Magazine hafa þau nú þegar spjallað nokkrum sinnum saman eftir skilnaðinn en Affleck er harðgiftur leikkonunni Jennifer Garner og því ekki líklegur til að vera að leitast eftir meiru en vináttu Lopez.



Leikarinn Tom Hardy sem fer með hlutverk illmennisins Bane í næstu Batman mynd, *The Dark Knight Rises*, segir tökuðagana líkjast því að vinna á Starbucks kaffihúsi. Hann segir svona stórmyndir líkjast kaffihúsakeðjunni um margt; þær velta ótrúlegum fjárhæðum og gleða fjölda fólks. Christian Bale mun halda áfram að leika Batman og ríkir mikil spenna fyrir kvikmyndinni sem skartar einnig þeim Gary Oldman og Anne Hathaway í aðalhlutverkum.







## Captain America

**Leikstjóri:** Joe Johnston.  
**Aðalhlutverk:** Tommy Lee Jones, Hugo Weaving, JJ Feild, Chris Evans, Toby Jones, Hayley Atwell, Dominic Cooper og Richard Armitage.  
**Lengd:** 125 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 7,9 / Metacritic: 67 / Rotten Tomatoes: 75%

**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó, Borgarbíó og Sambíóin Kringlunni og Egilshöll.

Árið er 1942 og seinni heimsstyrjöldin geisar sem hæst. Hinn smávaxni og veiklulegi Steve Rogers hefur reynt hvorki meira né minna en fimm sinnum að komast í herinn til að berjast fyrir bandarísku þjóðina en verið hafnað í hvert einasta sinn. Þegar öll sund virðast lokuð opnast nýjar dyr fyrir Steve: að bjóða sig fram í leyndlegt hátækni-verkefni á vegum hersins þar sem ekki er krafist sömu líkamlegu eiginleika. Það heitir Project: Rebirth, en þegar hann tekur þátt er honum breytt í ofurhermann og er fljótt kallaður Kafteinn Ameríka. Hann og félagi hans úr verkefninu, Bucky Barnes, mynda illvígt teymi sem tekur að sér hættulegustu sérverkefni í stríðinu, þar á meðal að reyna að ráða niðurlögum Red Skull, yfirmann vopnaþróunar á vegum Adolfs Hitler, en Red Skull hefur sín eigin áform um framgang stríðsins í sína þágu, og spilar þar töfrum gæddur hlutur að nafni Tesseract stórt hlutverk.



### Vertu rétt stilltur






## Fylgstu með veðrinu í sumar



Nettengillinn heldur þér í sambandi

Kynntu þér málið í næstu verslun eða á [vodafone.is](http://vodafone.is)

Vodafone – með þér í sumar

[vodafone.is](http://vodafone.is)

### TÖLVULEIKUR



## Shadows of the Damned

**MAMA**

**Tegund:** Skotleikur

**PEGI merking:** 18+

**Útgefandi:** EA Games

**Dómar:** Gamespot 8,5 af 10 / IGN 7 af 10 / Eurogamer 7 af 10

**GARCIA HOTSPUR ER HARÐUR**  
**STUÐNINGSMÁÐUR TOTTENHAM**

## Helvíti harður

Þegar einhverjir færustu leikjahönnuðir allra tíma leiða saman hesta sína má búast við svakalegrri sprengju, en leikurinn Shadows of the Damned er dæmi um slíkt.

Leikurinn er gerður af Goichi Suda og Shinji Mikami, en þessir höfðingjar eru ábyrgir fyrir meist-araverkum á borð við Resident Evil 4, Devil May Cry, Killer 7 og No More Heroes.

Hér fara leikmenn í hlutverk naglans Garcia Hotspur sem lendir í því veseni að djöfullinn (sem heitir Fleming í leiknum) rænir kærustunni og fer með hana til helvítis. Eins og góðum kærasta sæmir veður Hotspurinn á eftir gellunni og með honum í för er hauskúpan Johnson, en það kvikindi getur breytt sér í allskyns vopn og græjur.

### Skýndilegt svartnætti í helvíti

Shadows of the Damned er þriðju persónu hasar- og skotleikur þar sem menn vaða um helvíti og drepa allskyns djöfla. Hægt er að velja úr þremur mismunandi vopnum; skamm-, vél- og haglabyssu og geta leikmenn uppfært þær í gegnum leikinn og bættist þá við hvert vopn nýir möguleikar. Til að halda lífi þarf Hotspur að drekka helling af áfengi og öðrum drykkjum sem okkar maður getur keypt í sjálfsölum sem staðsettir eru með reglulegu millibili í neðra.

Óvinirnir í leiknum eru af ýmsum stærðum og gerðum eða allt frá smákvikindum sem vaða á mann í hópum uppí risastór kvikindi sem leikmenn þurfa

að glíma við í langan tíma. Ein nýjung í leiknum er sú að í helvíti getur myrkur skolið á og ef leikmenn lenda inni því þá verður fjandinn laus og þurfa leikmenn að finna geitahöfuð með kertum og skjóta á það til að bægra myrkrinu frá.

### Helvíti í skemmtilegu ljósi

Graffikin í leiknum er mjög góð og sýnir helvíti í glænýju og skemmtilegu ljósi og sama má segja um tónlist leiksins en hún er með því betra sem maður hefur heyrt og setur svona nettan Tarantino/Rodríguez filing í dýrið. Sama má segja um talsetningu leiksins, en hún er gríðarlega vönduð.

Shadows of the Damned er frábær skemmtun sem endist í ríflega 10 klukkutíma. Leikurinn er stanslaus hasar í bland við góðan húmor og klárt að aðdáendur leikja á borð við Resident Evil, God of War, Killer 7, Dead Space og Dante's Inferno ættu alls ekki að láta þennan gullmola framhjá sér fara. Spurningin er bara, eru menn nógu harðir til að glíma við Fleming og féлага í einhverju harðasta helvíti tölvuleikjanna?



Ólafur Þór Jónsson

Veðurspá





# Bættu skorið




vodafone.is

# SENDU OKKUR SKEMMTILEGA VERSLÓ-SÖGU

monitor@monitor.is



Allt að gerast - alla fimmtudaga!

## Justin Bieber notar Proactiv® Solution




### Stelpur og strákar!

Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólunum

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinisefnum, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinisefnið fyrir þig bjóðum við þér að prófa það án áhættu og með skilarétti í allt að 60 daga. Þannig sannfærst þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú náir sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

Ef þú nærð ekki árangri, þá færður endurgreitt. Við lofum því.

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á heilsubudin.is án áhættu!




Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVIKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108  
 URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115  
 LYFJAVER - Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11

# LOKAPRÓFIÐ

28. júlí 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Ólafía Þórunn Uppáhaldsskorið mitt á einni holu er

Þú veist hver ég er af því að ég fékk emu sinni sms frá Tiger Woods

Um helgina ætla ég að

- fara á Þjóðhátíð í Eyjum
- fara á Innipúkann í Reykjavík
- fara á Neistaflug á Neskaupsstað
- fara á Eina með öllu á Akureyri
- vera heima hjá mér
- fara í Klukkada útilegu og þar ætla ég að fagna titlinum með vinnum

Nóttina fyrir lokadag Íslandsmótsins í höggleik

- svaf ég ekki neitt af því að ég var svo stressuð
- svaf ég ekki neitt af því að ég var hvort eð er búin að vinna
- Þreyndi mig að ég væri Tiger Woods að deita Adam Scott
- dreyndi mig að ég væri Michelle Wie

Uppáhaldsþjálfarinn minn er án efa

- Brynjar Geirsson, bróðir Loga Geirs
- Ólafur Már Sigurðsson, bróðir Gylfa Sigurðssonar
- Nick Faldo, það er að segja gamlar spólur með honum
- ég sjálf af því að ég finn alltaf sjálf út úr því hvað það er sem ég þarf að laga

Ami Páll, bróðir Gunna Hansso Ég byrjaði í golfi þegar ég var 10 ára, er með 0.2 í forgjöf, hef 0 sinnum farið holu í höggi og hef 3 sinnum orðið Íslandsmeistari í höggleik.

Ég hata þegar ég

- húkka boltann
- þríputta
- skýt í vatn
- næ ekki að slá úr sandglömpu
- tapa fyrir Afreði

vegna þess að hann mun aldrei hætta að tala um það

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Ólafía Kristinsd.

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Angelínu Jolie til að leika mig en líklega yrði það samt Sandra Bullock

Uppáhaldsgolfkvikmyndin mín

- Tin Cup með Kevin Costner
- The Legend of Bagger Vance með Matt Damon og Will Smith
- Happy Gilmore með Adam Sandler
- The Greatest Game Ever Played með Shia LeBeouf
- 

Það sem fáir vita um mig er að ég þykist vera Elvis! Spila á gítar og raula.

Ef ég væri ekki Ólafía Þórunn Kristinsdóttir myndi ég vilja vera

- Ólafía Hrönn Jónsdóttir, leikkona
- Ólafía, fuglinn í myndinni Fuglastríð í Lumbruskógi
- Ólafía Jóhannsdóttir, byltingarkona
- Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur

Af því að þá ætti ég Oliver útaf fyrir mig

Síðasta sms sem ég fékk var frá rebste og í því stóð "menniru að minnast á mig í monitor?"

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Party at my place!

# Síðast en ekki síst

» Ugly Egilsdóttir, uppistandari, fílar:

**Kvikmynd:** Ég skemmti mér óvænt svo vel á **Bridesmaids** um daginn að ég gleymdi að borða nammið mitt. Ég gleymi aldrei að borða nammið mitt þannig að þetta er tákn um gæði.

**Þáttur:** **Dr. House** er frægasti mannhatarinn í bandarísku sjónvarpi. En ég er sannfærð um að hann er ekki mannhatari fyrir fimmaur. Ég er stöðugt að leita að vísbendingum um að hann sé einhvers konar kærleiksþjörn í afneitun. (En þetta er auðvitað álíka sjálfsblekking og skilyrðislaus ást mín á Lauryn Hill.)

**Bók:** Ég hef verið hratt og örugglega verið að breytast í ættfræðiböff.

**Bíldudalsminning** var skrifuð um forfeður mína sem bjuggu á Bíldudal. Ég ímyndaði mér alltaf að í gamla daga hafi fólk bara leiðst rosalega mikið en það er ekki að sjá á þessari bók.

**Plata:** Ég spila **Back to black** og **Frank** með Amy Winehouse mikið þessa dagana til að minnast þessarar merku söngkonu og lagahöfundar.

**Vefsíða:** Orðavinda er íslensk vefsíða með stafarugli. Hefur bæði bjargað geðheilsu minni og gert mig geðveika. Nú sé ég stafarugli í hverju horni.

**Staður:** Mér finnst svo gaman að fara til **Vestfjarða** á sumrin. Það er svona það sem kemst næst því að fara til útlanda án þess að fara raunverulega til útlanda.









# HERJÓLFUR

MILLI LANDS OG EYJA



## Gleðilega Þjóðhátíð





Meira Ísland



Vestmannaeyjar

# Fylgstu með Villa á YouTube



Nú styttist í Þjóðhátíð og Villi færir þér fróðleiksmola og fréttir úr Eyjum á YouTube eins og honum einum er lagt



Síminn er styrktaraðili Þjóðhátíðar 2011

YouTube /síminnisland

f /síminn.is

Síminn 